

## Samrunasamningur VFÍ og TFÍ

Verkfræðingafélag Íslands og Tæknifræðingafélag Íslands ásamt hagsmunafélögum sínum, KTFÍ, STFÍ, sérdeildum og undirfélögum, gera með sér samning um sameiningu félaganna í eitt félag, Verkfræðingafélag Íslands, félag verkfræðinga og tæknifræðinga, skammstafað VFÍ. Þau ráð og nefndir sem starfa hjá félögunum í dag munu starfa áfram fram til þess að ný ráð og nefndir hafa verið skipuð og taka við í ársbyrjun 2017. Hagsmunafélög, landshlutadeildir og Tæknifræðingafélagið ljúka starfsemi sinni fyrir árslok 2016 og verður formlega slitið á aðalfundum fyrri hluta árs 2017, sbr. 5. gr.

### 1. gr.

Samningsaðilar standa að sameiningu félaga verkfræðinga og tæknifræðinga undir merkjum endurskipulagðs VFÍ, sem taki við eignum, réttindum og skyldum félaganna frá og með 1. janúar 2017 eins og nánar er kveðið á um í samningi þessum. Hagsmunafélög TFÍ, sjóðir og sérdeildir verða hluti VFÍ frá og með þeim degi.

Markmið með endurskipulögðu félagi er að:

- Sameina alla verkfræðinga og tæknifræðinga í einu félagi.
- Efla menntun félagsmanna.
- Standa vörð um hagsmuni félagsmanna í samræmi við tilgang félagsins samkvæmt nýjum lögum þess, meðal annars með því að annast gerð kjarasamninga fyrir þá félagsmenn sem eru launþegar.

### 2. gr.

Félögin reka sameiginlega skrifstofu að Engjateigi 9, Reykjavík. Skrifstofan mun áfram sinna sameiginlegum rekstri og öflugri þjónustu við félagsmenn jafnt á fagsviði sem kjarasviði. Samningsaðilar lýsa með undirskrift sinni undir þetta skjal, að samningur um sameiginlegan rekstur frá 6.12.2007 falli úr gildi þann 31.12.2016.

### 3. gr.

Samningsaðilar skuldbinda sig til að láta útbúa kynningarefni, sem inniheldur öll nauðsynleg gögn varðandi sameininguna, sem sent verði félagsmönnum beggja félaga eigi síðar en 20.10.2016, jafnframt því sem almennum félagsmönnum verði boðið að mæta á kynningarfundum á tímabilinu 20.10.2016 til 30.10.2016.

### 4. gr.

Samningsaðilar skuldbinda sig til þess að bera þennan samning ásamt frumvarpi að lögum fyrir sameinað félag fyrir félagsmenn beggja félaga þannig að þeir geti tjáð afstöðu sína í almennt atkvæðagreiðslu. Atkvæðagreiðslan verði rafræn og fari fram á tímabilinu 5. til 11. nóvember 2016.

### 5. gr.

Stofnfundur hins sameiginlega félags verður haldinn í desember 2016. Hann verður opinn öllum félagsmönnum TFÍ og VFÍ. Á stofnfundinum verður kosin stjórn hins nýja félags, formaður til tveggja ára óháð félagsaðild og sex meðstjórnendur, sem verða þannig kosnir: þrír meðstjórnendur, einn frá tæknifræðingum og tveir frá verkfræðingum, kosnir til tveggja ára eða til aðalfundar ársins 2019 og þrír meðstjórnendur, einn frá tæknifræðingum og tveir

frá verkfræðingum, kosnir til eins árs, eða til aðalfundar ársins 2018. Jafnframt verði kosnir þrjár varameðstjórnendur, einn frá tæknifræðingum og tveir frá verkfræðingum, til tveggja ára.

6. gr.

Frá og með 1. janúar 2017 ber hið sameinaða félag kostnað af sameiginlegum rekstri sem og kostnað við verklok félaganna.

7. gr.

Félögin hvert fyrir sig geri ársreikninga á hefðbundinn hátt fyrir árið 2016.

8. gr.

Sjóðir félagsins verða í umsjón skrifstofu félagsins og greiða þjónustugjald til sameiginlegs rekstrar félagsins.

9. gr.

Verkfræðingahús verði gert að sjálfseignarstofnun frá og með 1.1.2017, skulu reglur um sjálfseignarstofnunina, bæði hvað varðar rekstur og slit, liggja fyrir eigi síðar en 25.10.2016 og verða hluti kynningarefnis sem félagsmönnum beggja félaganna er aðgengilegt fyrir atkvæðagreiðslu um sameininguna.

10. gr.

Hið sameinaða félag skal starfa á grundvelli laga sem undirbúningsnefnd hefur samið. Verða lögin borin upp til afgreiðslu á stofnfundi haustið 2016.

Þannig samþykkt á stjórnarfundum sem haldnir voru í Verkfræðingafélagi Íslands og Tæknifræðingafélagi Íslands og staðfestist með undirskriftum formanna og varaformanna eldri félaganna.

11. gr.

Samrunasamningur þessi er gerður með fyrirvara um að niðurstöður kosninga, sbr 4. gr, verði þær að 2/3 hluta félagsmanna félaganna hvors um sig samþykki samruna þeirra í eitt félag.

Reykjavík 11. október 2016.

F.h. Verkfræðingafélags Íslands

---

Páll Gíslason, formaður.

---

Sveinbjörn Pálsson, varaformaður.

F.h. Tæknifræðingafélags Íslands

---

Jóhannes Benediktsson, formaður

---

Helgi Páll Einarsson, varaformaður.